

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis og Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Mývatnssveit 28.11.2020

Efni: Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð
Reykjavíkurflugvallar.

Mýflug hf hefur verið með samning við sjúkratryggingar Íslands um sjúkraflug frá árinu 2006. Á fyrstu mánuðum verkefnisins leigði félagið Beechcraft King Air flugvél frá Noregi til verksins. Í maí 2006 keypti félagið Beechcraft vélina og var hún skráð á Íslandi.

Í október 2009 í kjölfar útboðs um rekstur á flugvél Flugstoða er gerður samningur um þurrleigu Mýflugs á Beechcraft King Air flugvél Flugstoða nú Isavia. Mýflug tók að sér að reka flugvélina fyrir Flugstoðir og nýttist flugvélin á þeim tíma bæði sem varaflugvél fyrir sjúkraflugið og einnig í flugprófunum fyrir Flugstoðir. Er það skoðun stjórnenda Mýflugs að um hafi verið að ræða ákaflega hagkvæmt samstarf beggja aðila.

Í kjölfar hörmulegs flugslyss í Hlíðarfjalli á Akureyri 2013 ákveða þáverandi stjórnendur Isavia að rétt sé að slíta samstarfinu við Mýflug. Mýflug sem á þeim tíma er ennþá handhafi samnings um sjúkraflug við sjúkratryggingar hefur þá strax leit að flugvél sem gæti nýst sem varaflugvél í sjúkrafluginu. Í lok árs 2015 finnst álíleg flugvél í Bretlandi og er hún keypt í upphafi árs 2016 og kemur til landsins í mars það ár.

Síðan þá hefur Mýflug ætíð haft tvær sjúkraflugvélar tiltækar og mestan hluta þessa árs hafa vélarnar verið þrjár til sjúkraflugs.

Frá árinu 2012 hefur Mýflug flogið uþb. 5700 sjúkraflug og flutt meira en 6000 sjúklinga. Síðustu ár hefur fjöldi sjúkrafluga verið um 800 ár hvert en verða líklega heldur færri á þessu ári.

Langflest sjúkraflug enda í Reykjavík enda Landspítalinn staðsettur þar. Það er afar mikilvægt að sjúkraflugvöllur í Reykjavík sé staðsettur í næsta nágrenni við Landspítalann. Það er ljóst að aðgengi fólks af landsbyggðinni að Landspítalanum byggist á nálægð flugvallarins við spítalann.

Því miður virðast núverandi borgaryfirvöld vart gera sér grein fyrir þessu mikilvægi og því telja stjórnendur Mýflugs brínt að tekinn verði strax af allur vafi um það að Reykjavíkurflugvöllur verði í Vatnsmýrinni þangað til nýr og betri eða jafngóður flugvallarkostur hefur verið fundinn.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um flugvöllinn í Reykjavík á því fullan rétt á sér að mati stjórnenda Mýflugs hf.

Fh. Mýflugs hf

Leifur Hallgrímsson